

Nd.

36. Frumvarp til laga

[36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tíma-vinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðllast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarkspóknun fyrir verkfræðistörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algert verkfall hafi staðið yfir hjá meðlimum Stéttarfélags verkfræðinga, frá 27. júní s. l. Frá 1. júlí þ. á. hafi tekið gildi nýtt launakerfi opinberra starfsmanna samkvæmt kjaradómsúrskurði, en launakröfur Stéttarfélags verkfræðinga, sem félagið hafi haldið fast við, séu almennt verulega hærrí en laun sambærilegra starfsmanna, samkvæmt kjaradómi. Þannig sé öllu samræmi launakerfis ríkisins, sem komið var á með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, við laun fyrir sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu, stefnt í hættu og þannig unnið gegn efnahagskerfi landsins og hagsmunum almennigs. Beri því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka þróun mála.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aftar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einhökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélag verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðadóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Gjört að Bessastöðum, 17. ágúst 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.